

30. Orrustan um appelsínuna

Getur þetta verið sigurstundin?

Málefni	Friður
Þyngdarstig	Stig 1
Aldur	8–13 ára
Tími	30 mínútur
Hópstærð	4–24 börn
Tegund verkefnis	Keppni milli hópa og umræður
Yfirlit	Börnin keppa um að eignast appelsínu og ræða um lausnir á ágreiningsmálum
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Að fjalla um hve brýnt er að ræða saman þegar ágreiningur kemur upp• Að skoða aðferðir við að leysa ágreining
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none">• Enginn
Efniviður	<ul style="list-style-type: none">• Ein appelsína



Leiðbeiningar

1. Segðu börnunum að þau eigi þau að fara í „appelsínuleikinn“. Skiptu þeim í tvo hópa. Segðu A-hópnum að fara út og bíða eftir þér. Segðu B-hópnum að markmið þeirra í þessum leik sé að ná appelsínunni því að þau vanti safann úr henni til að geta búið til djús.
2. Farðu út og segðu A-hópnum að markmið þeirra í þessum leik sé að ná appelsínunni því að þau vanti borkinn af henni til að geta búið til appelsínuköku.
3. Kallaðu öll börnin saman innandyra og segðu þeim að hóparnir eigi að setjast í röð andspænis hvor öðrum.
4. Segðu börnunum að þau hafi þrjár mínútur til að ná því sem þau vantar. Ítrekaðu að þau megi ekki beita neinu valdi. Settu síðan eina appelsínu á milli hópanna tveggja og segðu: „Nú“.

Yfirlétt tekur einhver appelsínuna og annar hópurinn fær hana, og það kemur á óvart hvernig hóparnir takast á við þær aðstæður. Stundum reyna hóparnir að komast að samkomulagi um að skipta appelsínunni í tvennt. Og stundum er ekki um neitt samkomulag að ræða. Stundum ræða hóparnir meira saman og komast að því að þá vantar ekki sömu hluta appelsínunnar; einhver úr öðrum hvorum hópnum tekur borkinn af appelsínunni og fær þannig það sem vantaði. Ekki trufla.

5. Að þremur mínútum liðnum skaltu segja: „Stopp“ eða „Tíminn er útrunninn“.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Fékk hópurinn ykkar það sem hann vantaði áður en þrjár mínúturnar voru liðnar?
 - b. Hvert var markmið hópsins?
 - c. Hver var niðurstaða ágreiningsins um appelsínuna?
 - d. Hvað gerðuð þið til að komast að þeirri niðurstöðu?
 - e. Hvers vegna er mikilvægt að fólk tali saman ef það vill leysa ágreiningsmál?
 - f. Talar fólk alltaf saman þegar ágreiningur kemur upp? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
 - g. Er fólk alltaf að leita eftir því sama þegar ágreiningur kemur upp?
 - h. Hafðið þið einhvern tímann upplifað svipaðar aðstæður? Hver var niðurstaðan?



2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:

- a. Nefnið mannréttindi sem brotið er gegn þegar fólk á í deilum?

Tillögur um framhald

- Verkefnið „Myndrænn flótti frá ofbeldi“, bls. 153, gengur einnig út á það að leysa ágreining.
- Semja þarf um hlutina í ýmsum öðrum verkefnum: „Kastalinn hertekinn“, bls. 112 og „Kökuskrímlið“, bls. 119.

Hugmyndir um aðgerðir

Fáðu börnin til að setja fram hugmyndir um hvernig taka skuli á ágreiningi innan hópsins. Skrifaðu þær á blað og hengdu það upp einhvers staðar í stofunni.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Þegar þrjár mínútur eru liðnar skaltu fjarlægja appelsínuna, eða það sem eftir er af henni, til að halda börnunum við efnið í samantektinni.
- Þú skalt ekki reyna að hafa áhrif á niðurstöðuna á meðan börnin eru að „slást“ en mundu að ítreka að þau megi ekki beita neinni hörku við að ná því sem þau vantar.
- Breytingar vegna stærri hópa: Skiptu börnunum í fjóra hópa í stað tveggja og láttu tvær „appelsínu-orrustur“ fara fram samtímis. Þá verða A-hóparnir tveir og B-hóparnir tveir og sömu leiðbeiningar og áður gilda. Láttu annan A-hópin sitja andspænis öðrum B-hópnum og hinn A-hópin andspænis hinum B-hópnum; settu eina appelsínu á milli þeirra. Hefja skal leikinn og stöðva á sama tíma hjá báðum. Gaman getur verið að ræða um hve mismunandi „orrusturnar“ eru og niðurstaðan ólík.

